

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 236/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/680 frá 23. mars 2023 um að samþykkja alkýl-(C₁₂₋₁₆)-dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC (C_{12-C16})) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/460) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzd. **32023** **R** **0680:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/680 frá 23. mars 2023 um að samþykkja alkýl-(C₁₂₋₁₆)-dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC (C_{12-C16})) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2023, bls. 41).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/680, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 86, 24.3.2023, bls. 41.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.